

**Mál 65/2012****M****og****Vátryggingafélagið X v/frítímaslysátryggingar****Meiðsl í tengslum við hjartastopp 11.05. 2010, ágreiningur um bótaskyldu.****Gögn.**

- 1) Málskot móttækið 14.02. 2012.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 01.03. 2012.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Efnislega kemur fram í gögnum málsins m.a. að M hafi verið gestkomandi í íbúð vinar síns og var þar í sturtu þegar lögregla “réðist inn í íbúðina og inn í sturtuna þar sem lögreglumenn sneru kæranda niður og handjárnðu á fótum og höndum. Í atganginum misstu lögregluþjónar kæranda í gólfíð og við það missti hann meðvitund og fór í hartastopp....” sbr. nánar gögn málsins.

M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

Vátryggingafélagið hafnar bótaskyldu. Það telur að atvik máls þessa falli ekki undir slyshugtak vátryggingarinnar. M hafi fengið hjartastopp í kjófar margra daga andvöku og neyslu orkudrykkjar með manísku ástandi og geðrofseinkennum sbr. fyrirliggjandi gögn. Til viðbótar vísar félagið til þess að samkvæmt skilmálum bætir vátryggingin ekki slys sem vátryggður verður fyrir í handalögmáli eða við þátttöku í refsiverðum verknaði. M hafi slegist við lögreglu sem kom á vettvang í tengslum við handtöku.

**Álit.**

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á bótaskyldu þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir. Telja verður að M hafi ekki lent í slysi í umrætt sinn líkt og það er skilgreint samkvæmt vátryggingarskilmálum. Þá virðist M hafa verið þátttakandi í handalögmáli og/eða refsiverðum verknaði með því að ráðast gegn lögreglu við handtöku.

**Niðurstaða.**

Bótaskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 27. mars 2012

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.